

# Meðferð í nýrnasteinbrjóti

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

## Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi það sem eftir er dags. Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann en óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrr en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

## Meðferðardagur

Mæta í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð.

Meðferðin tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Metið er hverju sinni hvort þörf er á lyfjaforgjöf. Verkjalyf er gefið í æð meðan á meðferð stendur. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Einnig er gefinn vökvi í æð og fylgst með blóðþrýstingi, hjartslætti og súrefnismettun. Að lokinni meðferð getur sjúklingur jafnað sig í hvíldarherbergi í 1–1½ klst. fyrir heimferð.

## Útskrift

### Verkir

Nauðsynlegt er að eiga verkjalyf til að taka ef þörf er á. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að minnka magn vökva sem drukkinn er því hann getur aukið verkina.

### Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

### Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

### Vinna

Ráðlegt er að hvílast meðferðardaginn.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

#### Hafa þarf samband við bráðamóttöku ef:

- Hiti er hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Þeir sem búa úti á landi snúa sér til heilsugæslu eða heimilislæknis.

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8–16 nema föstudaga kl. 8–12, sími 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.